



Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyja

Leikskólar Vestmannaeyjabæjar

Móttökuáætlun fyrir börn með fleiri en eitt tungumál

KIRKJUGERÐI – SÓLI - VÍKIN

Fjölskyldu- og fræðslusvið-27.5.2020

Efnisyfirlit

1.	Nemendur með fleiri en eitt tungumál	2
2.	Fyrsta viðtal við foreldra í leikskólanum.....	2
3.	Móttaka barns	3
4.	Foreldrasamstarf	3
5.	Túlkajónusta	4
6.	Tenglasafn	4

1. Nemendur með fleiri en eitt tungumál

Til þessa hóps teljast nemendur sem:

- hafa fæðst í öðru landi.
- eiga foreldra af erlendum uppruna.
- hafa dvalist langdvölum í öðru landi.

2. Fyrsta viðtal við foreldra í leikskólanum

- Foreldrar eru boðaðir í viðtal og mælst er til þess að þeir mæti barnlausir í fyrsta viðtalið.
- Leikskólastjóri sér um að panta túlk fyrir viðtalið ef þess er þörf.
- Fyrri hluti viðtals fer fram með leikskólastjóra og umsjónaraðila nýbúa (t.d. aðstoðarleikskólastjóri).
 - Foreldrar fylla út upplýsingaeyðublað, leikskólastjóri fer yfir stefnu leikskólans, gengur frá vistunarsamningi og sýnir foreldrum leikskólann.
 - Umsjónarmaður nýbúa/aðstoðarleikskólastjóri fer yfir ýmsar upplýsingar sem koma að gagni fyrir foreldra, s.s:
 - Vinnureglur vegna veikinda og tilkynninga varðandi forföll.
 - Vistunartímar og verðskrá leikskólans.
 - Hvers konar matur er í boði og kostnaður við hverja máltíð.
 - Reglur og venjur í sambandi við afmæli, ferðalög o.fl.
 - Ábyrgð foreldra varðandi reglubundna mætingu barns í leikskóla.
 - Skólanámskrá og starfsáætlun.
 - Skóladagatal.
 - Myndrænt skipulag/stundaskrá barns og upplýsingar um hvernig skóladagurinn fer fram, t.d. leikur, hópastarf, útivera, matartímar o.s.frv.
 - Foreldrafélagið, hlutverk og starfsemi.
 - Þroskaþróf/skimanir sem gerðar eru í leikskólanum.
 - Sérkennsla, tilgang hennar og hvenær gripið er inni.
 - Myndrænn orðalisti með TMT táknum og útskýra notagildi hans.
 - Þjónustu fjölmennningarfulltrúa sem veitir m.a. upplýsingar um:
 - Lög og reglur um leikskóla.
 - Barnastarf í sveitarfélaginu, s.s. íþrótt- og tómstundatilboð
 - Mikilvægi íslenskunáms fyrir foreldra og íslenskunám fyrir fullorðna í Visku.
 - Heilsugæsla og heilsufarsskoðanir sem barnið þarf að fara í.

- Síðari hluti viðtals fer fram með deildarstjóra/hópstjóra og umsjónaraðila nýbúa.
 - Deildarstjóri fer yfir starfið á deild/ í hópi og kynnir fyrir foreldrum hvernig aðlögun barns fer fram.
 - Umsjónarmaður nýbúa/aðstoðarleikskólastjóri situr vitalið.

3. Móttaka barns

Fyrsta og mikilvægasta verkefnið er að finna leiðir fyrir barnið til að skilja og gera sig skiljanlegt:

- Kenna barninu ákveðin lykilorð með hjálp tákna (Tákn með tali), t.d. pissa, borða, út, drekka o.s.frv. Mikilvægt er að foreldrar fái sama lista heim með táknum þannig að barnið geti yfirfært þau á sitt tungumál.
- Tungumálþjálfun einstaklingslega eða í litlum hópi. Það væri lögð áhersla á að auka orðaforða og framburðaræfingar.
- Barnið á að hafa sitt eigið myndræna dagsskipulag í samræmi við aldur og þroska.
- Barnið ætti ekki að taka þátt í stórrí samverustund fyrr en það skilur hvað fer þar fram. Það á að vera í lítilli samverustund þar sem lesnar eru einfaldar sögur og sungin einföld lög.
- Gerð er einstaklingsáætlun fyrir barnið sem er endurskoðuð á 4-6 vikna fresti. Fara þarf yfir stöðuna t.d. með því að gera stöðu- og leiðsagnarmat. Sérkennsluráðgjafi sér um að þessu sé framfylgt.

4. Foreldrasamstarf

Mikilvægast er að byggja upp traust milli leikskóla og foreldra, hvetja til samstarfs og íslenskunáms t.d. með því að:

- Notaða orðalista á móðurmáli foreldra fyrir stuttar tilkynningar (sjá t.d.: <https://reykjavik.is/ordalistar-eydublod-og-fleira-hagnytt>) og senda bréf með lengri skilaboðum á móðurmáli foreldra eins og hægt er (sjá t.d.: <https://reykjavik.is/skilabod-fra-skola-o>)
- Til að efla foreldrasamstarfið og stuðla að öryggistilfinningu barnsins er gott að fá ljósmyndir að heiman af fjölskyldu, húsi og öðru sem nátengt er barninu.
- Gott er að fá upplýsingar um hátíðisdaga og matarvenjur og setja upp fána landsins. Mikilvægt er að þetta sé veglegt og sýnilegt á deildinni svo foreldrar skynji að leikskólinn hafi áhuga á uppruna þeirra.
- Hafa fund með foreldrum svo þeir kynnist og beri saman bækur sínar.
- Fá foreldra til að segja frá upplifun sinni af því að byrja í leikskóla í sveitarfélaginu.
- Benda foreldrum á að sækja íslenskunámskeið hjá Visku.
- Vera í samstarfi við fjölmenningsfulltrúa Vestmannaeyjabæjar.

5. Túlkaþjónusta

- Leikskólinn getur haft samband við fjölmenningsfulltrúa til að fá ráðgjöf og aðstoð með að útvega túlk.
- Þar sem túlkaþjónusta er takmörkuð í Vestmannaeyjum þarf að huga að þjónustu túlks tímanlega en síma- eða fjartúlkun er líka góður kostur sem er nýttur í auknum mæli.
- Símatúlkun getur t.d. verið góður kostur í fyrsta viðtali þar sem hægt er að hafa túlk í símanum þegar leikskólinn er skoðaður.
- Túlkaþjónustur:
 - InterCultural Iceland: Sími 517-9345, netfang angelica at ici.is
 - Túlkaþjónusta Alþjóðahússins: Sími 530-9303, netfang tulkun at ahus.is
- Hlutverk túlks:
 - Túlkur hefur þagnarskyldu í einu og öllu.
 - Túlkur má ekki taka afstöðu.
 - Túlkur má ekki láta í ljós skoðanir sínar þegar hann túlkar.
 - Túlkur á að túlka allt sem sagt er í samtalinu.
 - Túlkur á ekki að hafa frumkvæði að því að svara spurningum.
 - Túlkurinn ber ekki ábyrgð á því að upplýsingar séu réttar eða sannar.
 - Túlknum ber að láta vita ef túlkunin getur ekki fallið undir þessar reglur.

6. Tenglasafn

Fjölmennning í leikskóla: www.allirmed.is

Alþjóðasetur: <http://asetur.is/>

Upplýsingasíða um íslenskt samfélag: www.island.is

Ókeypis íslenskukennsla á netinu: <http://celandiconline.is/>

Nýbúadeild Álfhólsskóla: http://www.alfholsskoli.is/nybuinn/fraedslumal_rammi.htm

TMT vefurinn: www.tmt.is

Mikilvægar upplýsingar ætlaðar innflytjendum:

<http://www.island.is/innflytjendur/upplýsinganumer-og-islenskunam/mikilvaegar-upplýsingaveitur>

Viska símenntunarstöð: <https://www.viskave.is/>

Lög um leikskóla: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Reglugerð um starfsemi leikskóla: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/15566>